



## Fundargerð fræðslunefndar

Miðvikudaginn 21. janúar 2009, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 í gamla skólanum Bjarmanesi.

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Erla Jónsdóttir, Signý Richter, Ásta Ásgeirsdótti, Aðalheiður Árnadóttir, Gígja Óskarsdóttir, Hildur Ingólfssdóttir, Elva Þórisdóttir, Erna Hreinsdóttir Þórunn Bernósdóttir, Sesselja Guðmundsdóttir, Guðjón Ólafsson, fræðslustjóri og Magnús B. Jónsson.

Formaður fræðslunefndar, Birna Sveinsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Drög að fjárhagsáætlun skóla og leikskóla 2009.

Hildur Ingólfssdóttir skólastjóri fór yfir fjárhagsáætlun skólans og Þórunn Bernósdóttir leikskólastjóri fór yfir fjárhagsáætlun leikskólans. Formaður fór yfir aðra liði undir málaflokknum fræðslumál. Heildaráætlun fyrir fræðslu- og uppeldismál er tæpar 140 milljónir. Fram kom að áætlunardrögin hafa komið til fyrri umræðu í sveitarstjórn en önnur umræða verður 27. janúar nk. Umræður urðu um fjárhagsáætlunina en ekki gerðar beinar ályktanir eða tillögur um breytingar.

### 2. Starf grunnskólans

Hildur Ingólfssdóttir fór yfir helstu atriði í starfi grunnskólans og greindi bæði frá einstökum þáttum og atburðum sem og heildarstarfinu. Líflegar umræður urðu um skólastarfið. Fyrir fundinn voru lagðar niðurstöður úr samræmdum prófum sem tekin voru í október 2008. Niðurstöðurnar sýna samanburð árangurs bæði miðað við meðaltal á Norðurlandi vestra og landið allt. Miklar umræður urðu um nám og námsmat.

### 3. Starf leikskólans

Þórunn Bernósdóttir fór yfir rekstur leikskólans og greindi frá ýmsu sem varðar skólastarfið. Hún lagði fyrir fundinn hvernig gjaldskrá vegna dvalargjalda er byggð upp og að taka þurfi afstöðu til hvort hækka eigi dvalargjöld á leikskólanum. Ákveðiði að skoða áhrif vísitöluhækkana á leikskólagjöld og leggja mat á gjaldskrárbreytingar í því ljósi. Leikskólastjóri fór yfir helstu nýmæli í lögum um leikskóla sem sett voru sl. vor. Benti hún m.a. á að skylt er að skipa foreldraráð við leikskólann en foreldrafélag sé valkvæður möguleiki.



#### 4. Bréf framkvæmdastjóra HSB um aðstöðu fyrir skólahjúkrunarfræðing.

Með bréfinu er óskað eftir að sérstök aðstaða fyrir skólahjúkrunarfræðing sé til staðar í skólanum. Samþykkt að taka erindið til skoðunar við skipulagningu næsta skólaárs.

#### 5. Skólastefna

Formaður fór yfir lagakröfu um að mótuð sé skólastefna í hverju skólahverfi. Samþykkt að formaður fræðslunefndar undirbúi skólastefnu í samráði við fræðslustjóra.

#### 6. Önnur mál.

- a. Umræður urðu um vímuefnavarnir og nauðsyn þess að standa mjög vaktina í harðnandi heimi í þessum efnum. Var m.a. bent á að í auknum mæli sé reynt að halda vímuefnum að grunnskólabörnum. Áhersla var lögð á mikilvægi þess að útivistartími sé virtur.
- b. Formaður lagði áherslu á að haldið sé utan um aðild foreldrafélaga að fræðslunefndinni og að skólastjórar upplýsi stjórnarmenn í foreldrafélögum um hlutverk þeirra.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð upplesin og samþykkt, fundi slitið kl. 18.30

Birna Sveinsdóttir,  
Signý Richter,  
Aðalheiður Árnadóttir,  
Hildur Ingólfssdóttir,  
Erna Hreinsdóttir  
Sesselja Guðmundsdóttir,  
Magnús B. Jónsson

Erla Jónsdóttir,  
Ásta Ásgeirsdótti,  
Gígja Óskarsdóttir,  
Elva Þórisdóttir,  
Þórunn Bernósdóttir,  
Guðjón Ólafsson,